

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að U-beygjubann verði á Snorrabraut við Bergþórugötu þegar ekið er til suðurs.
2. Að einstefna verði í Mjóstræti til norðurs frá Bröttugötu að innkeyrslu að bílastæði á lóð Mjóstrætis 8.
3. Að bann verði við akstri hóp bifreiða á Þórsgötu.
4. Að afmarkað verði skammtímastæði fyrir eina hóp bifreið við suðurkant Njarðargötu, neðan við Þórsgötu. Tímatakörkun til að leggja hóp bifreið verði 15 mínútur.
5. Að afmarkað verði skammtímastæði fyrir hóp bifreiðar í Lækjargötu á móts við Vonarstræti. Tímatakörkun til að leggja hóp bifreið verði 15 mínútur.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 24. september 2013.

Stefán Eiríksson.

B-deild – Útgáfud.: 9. október 2013